

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Sandgerði, 21. nóvember 2018

**Efni: Umsögn Samtaka náttúrustofa um tillögu umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um frumvarp til laga um skóga og skógrækt, 231. mál.**

Vísað er til erindis nefndarsviðs Alþingis dags. 1. nóvember sl. þar sem náttúrustofum er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til frumvarps til laga um skóga og skógrækt.

Samtök náttúrustofa (SNS) vilja koma á framfæri viðbótarathugasemd við frumvarp til laga um skóga og skógrækt, 231. mál. Í áður innsendri umsögn voru gerðar tvær almennar athugasemdir sem fjalla um meginstefnu í skógræktarmálum á Íslandi. Tengjast þær báðar 4. grein frumvarpsins, um landsáætlun í skógrækt sem marka mun stefnu um stöðu og framtíð skóga. Til að skerpa frekar á þessum almennu athugasemdum og tengja með beinni hætti við frumvarpið, vilja SNS koma eftirfarandi á framfæri:

Helstu álitaefni skógræktar á Íslandi tengist hvar rækta eigi skóga, hversu stóra að umfangi og hvernig skóga (vistheimtarskóga/náttúruskóga eða nytjaskóga). Ástæðan er að skógrækt felur í sér breytingar á landi, sér í lagi ef um er að ræða nytjaskóga (framandi trjátegundir í íslenskri náttúru). Skógrækt fer alla jafna fram á láglendi þar sem ýmist er fyrir önnur landnotkun eða mismikilvæg búsvæði í vistfræðilegu tilliti, t.d. fyrir fuglastofna sem Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á. Fleiri álitamál koma upp við skipulagningu skógræktar s.s. minjavernd og ásýnd landslags. Því skiptir máli að vandað sé til verka, horft sé til ýmissa sjónarmiða og breið sátt ríki um landsáætlun í skógrækt.

Í þessu sambandi telja SNS að mikilvægt sé að í það minnsta fulltrúi frá Náttúrufræðistofnun Íslands sitji í verkefnisstjórn um landsáætlun í skógrækt, sem tilgreind er í 4. grein frumvarpsins. Stofnunin hefur á að skipa yfirgripsmikilli þekkingu á vistgerðum landsins, stöðu dýrastofna og plantna m.t.t. verndargildis og því mikilvægt að fulltrúi hennar taki á fyrstu stigum þátt í gerð landsáætlunar í skógrækt, enda er val á skógræktarsvæðum m.t.t. náttúruverndar eitt af megin viðfangsefnum áætlunarinnar. Æskilegast væri raunar að verkefnisstjórn um landsáætlun í skógrækt væri skipuð úr enn breiðara baklandi, með svipuðum hætti og fagráð náttúrumínjaskrár skv. 15. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Í því ljósi væri eðlilegt að verkefnisstjórnin væri t.d. skipuð fulltrúum þeirra stofnana sem nefndar eru í greinargerð frumvarpsins (Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Landgræðslan, Skipulagsstofnun, Minjastofnun Íslands og Byggðastofnun), auk fulltrúa ráðuneytis, fulltrúa Skógræktarinnar og fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga. Með slíkt

fyrirkomulag að leiðarljósi væri sem best tryggt að fjölbreytt fagþekking yrði grundvöllur skógræktarstefnu. Þó gert sé ráð fyrir í frumvarpsdrögunum að drög að landsáætlun í skógrækt verði send til umsagnar ýmissa aðila (þ.a.m. fagstofnana) er líklegt er að breiðari sátt næðist um skógræktarstefnu sem ætti rætur að rekja til verkefnisstjórnar í ætt við fagráð náttúruminjaskrár.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa

*Sindri Gíslason*  
Sindri Gíslason, formaður SNS